

Hvar eru prófessorarnir?

Jóhanna Sigurðardóttir segir að aðeins núverandi tilboð Breta og Hollendinga um skárri vaxtakjör frá því sem „samið“ var um í Icesave-deilunni muni spara Íslendingum 70 milljarða kr. Þetta er ekki lítið fé.

Er ekki í þessu ljósi dálítið kyndugt að lesa aftur það sem prófessorarnir sögðu?

Gunnar Helgi Kristinsson sagði sl. sumar í sjónvarpsviðtali að Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins væri sennilega að þóknast „skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins“ með því að styðja ekki Icesave-samkomulagið sem þá lá fyrir. Það var á honum að skilja að aðeins öfgamenn vildu ekki styðja samkomulagið.

Þórólfur Matthíasson sagði að Ísland myndi lenda á sama stað og Norður-Kórea í alþjóðasamfélaginu ef Icesave-samkomulagið yrði ekki samþykkt.

Smáfuglarnir spyrja: Hvar eru þeir nú? Hvers vegna spyrja sömu fjölmiðlarnir og alltaf drógu þá í viðtöl þá ekki hvað þeir segja um þennan 70 milljarða króna sparnað sem jafnvel stjórnarsinnar segja að synjun forsetans hafi fært okkur?